

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 1. september kl. 12:15 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, og Telma Halldórsdóttir lögfræðingur, undir lið 7 þegar fjallað var um öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskóla við notkun á rafrænum upplýsingakerfum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 30. júní 2017

Lögð var fram fundargerð frá 30. júní 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 30. júní 2017 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – staða mála

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs greindi frá stöðu nefndarinnar og greindi frá því að skýrsla nefndarinnar væri á lokastigi og myndi klárast á næstu dögum. Farið var yfir helstu tillögur endurskoðunarnefndarinnar að breytingum.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2017

Lögð voru fram til kynningar uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga.

4. Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað, dags. 29. ágúst sl., þar sem fram kemur beiðni frá Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ, dags. 20. júlí, þar sem óskað er eftir að framkvæmd verði athugun á því hvort sveitarfélögin fái skuldajöfnunarframlög á grundvelli reglna nr. 295/2003 vegna mögulegrar sameiningar þeirra.

Lagðir voru fram útreikningar sem sýna að skuldastaða Sandgerðisbæjar sé með þeim hætti að sveitarfélagið fengi skuldajöfnunarframlag yrði af sameiningu sveitarfélaganna.

Nefndin var sammála um að sveitarfélögunum yrðu gefnar upplýsingar um upphæð mögulegs skuldajöfnunarframlags en endanlegt samþykki framlagsins færi fram eftir sameiningu. Jafnframt komu fram ábendingar um að skoðaðar yrðu breyttar aðferðir við útreikning framlagsins þegar þeirri sameiningarlotu sem nú stendur yfir lýkur.

5. Sóknaráætlun landshluta

Dagskrárlið var frestað þar sem ekki öll landshlutasamtök voru búin að skila greinagerðum um framkvæmd verkefna og kostnaðaráætlun á árinu 2017.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

6. Greining á rekstrarkostnaði grunnskóla og nýtingu framlaga Jöfnunarsjóðs

Lagt var minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 29. ágúst sl. þar sem greint var frá samstarfsverkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis með það markmið að greina heildstætt rekstrarkostnað íslenskra grunnskóla og nýtingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs þeirra. Verkefnið felur í sér söfnun og greiningu upplýsinga og til hliðsjónar er m.a. skýrsla Ríkisendurskoðunar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og rekstur grunnskóla, sem kom út árið 2008 og rannsókn Vífils Karlssonar og Sveins Agnarssonar um kostnað við íslenska grunnskóla.

Lagt er upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- Hvað einkennir íslenska grunnskólann í rekstrarlegu tilliti?
- Hefur núverandi úthlutunarkerfi Jöfnunarsjóðs neikvæð áhrif á hagkvæmni í skólarekstri?
- Hvaða vægi hefur fjöldi fámennra skóla í þessu tilliti? (samanburður við nágrannaríki t.d. Noreg).

Verkefnishópur hefur verið settur á laggirnar til að annast verkefnið, í honum sitja fulltrúar sambandsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, en ráðinn hefur verið verkefnisstjóri fyrir verkefnið. Lagt er til að kostnaður við verkefnið verði greiddur af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Áætlað er að greiningarvinnu ljúki í október 2017.

Nefndin var sammála um að boða verkefnisstjóra á næsta fund ráðgjafarnefndar til að kynna verkefnið.

7. Verkefnið öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingakerfum

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. ágúst sl., með umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að fjárhæð 5 m.kr. vegna verkefnisins „Öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingakerfum“.

Markmið verkefnisins er tvíþætt:

- Að ljúka vinnu við að bregðast við álitum Persónuverndar í máli nr. 1203/2015 frá 3. nóvember 2015 í svokölluðu „Mentor máli“.
- Að undirbúa grunnskóla fyrir innleiðingu á nýjum lögum um persónuvernd, sem byggjast á reglugerð Evrópusambandsins nr. 2016/679, sem stefnt er að því að taki gildi á Íslandi á árinu 2018.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að veita framlag að fjárhæð 5 m.kr. á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um framlög vegna grunnskóla.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 29. ágúst sl., með frumvarpi að breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

9. Öryggisvistanir

Rætt var um stuðning við einstaklinga sem eru vistaðir í öryggisgæslu á vegum sveitarfélaga. Málið tengist framlögum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Enn fremur kom fram að velferðarráðuneytið greiði í einhverjum tilfella sérstaklega með þeim einstaklingum sem vistaðir eru í öryggisgæslu. Fram kom að kostnaður vegna þessara úrræða sé mjög hár og enn eigi eftir að ganga frá samningum við velferðarráðuneytið vegna ársins 2017 í þeim tilfellum sem það kemur inn í kostnaðarhlutdeild vegna þeirra sem vistaðir eru í öryggisgæslu.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fá fulltrúa frá velferðarráðuneytinu til fundar við ráðgjafarnefndina til að ræða málefnið frekar.

10. Reglugerð framlaganna 2017

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs, dags. 30. ágúst sl., með reglugerð um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017. Reglugerðin hefur verið undirrituð af ráðherra og ráðuneytisstjóra og birt á vef Stjórnartíðinda (b-deild) og vef Jöfnunarsjóðs.

11. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir væntanlega dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður 4. október nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

12. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn, 4. október kl. 10:00.

Einnig var ákveðið að halda næsta fund þar á eftir 27. október kl. 9:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson